

Menntaskólinn við Hamrahlíð (MH), kt. 460269-3509 og mennta- og menningarmálaráðuneytið (ráðuneytið), kt. 460269-2969, gera með sér eftifarandi skólasamning:

1. Tilgangur

Samningurinn er samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum.

Samningurinn er um það hvernig MH uppfyllir lögbundið hlutverk, helstu áherslur og markmið í starfsemi hans, námskrá, námsframboð, kennslufyrirkomulag, mat og eftirlit með gæðum og önnur mikilvæg atriði í starfseminni.

Samningurinn er jafnframt liður í áætlanagerð og eftirfylgni samkvæmt reglugerð nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana.

Tilgangurinn er að stuðla að metnaðarfullri og markvissri framþróun skólans í þágu nemenda, með vandaðri stjórnum og virkum samskiptum samningsaðila.

Samningurinn hefur ekki áhrif á lagalegar skyldur, ábyrgð og heimildir aðila, svo sem yfirstjórnunarheimildir ráðherra.

2. Hlutverk og megináherslur

MH er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Hlutverk framhaldsskóla er tilgreint í 2. gr. laga nr. 92/2008 og skal starfsemi MH þjóna því.

Meginhlutverk skólans er að mennta nemendur til stúdentsprófs með áherslu á undirbúning fyrir nám í háskólam. Leiðarljós hans er að virða ólíkar þarfir einstaklinga og gengið er út frá vilja nemenda til að axla ábyrgð. Áhersla er lögð á fjölbreytni í valhluta námsins og kappkostað er að kynna nemendum vinnubrögð sem tíðkast í háskólanámi.

Markmið skólans er velgengni brautskráðra nemenda og að skólinn sé fyrirmund um framsækna kennslu, góða stjórnsýslu og rækt við menningu og listir.

Skólinn er kjarnaskóli í listdansi.

Yfirstjórn skipa rektor, konrektor og áfangastjóri. Aðrir stjórnendur fara með afmörkuðuð svið svo sem fjármál, ræstingu, bókasafn, námsráðgjöf og sérþjónustu, alþjóðlega námsbraut, öldungadeild og sex námsgreinadeildir.

3. Viðfangsefni

MH stuðlar að markvissri framþróun með útgáfu skólanámskrár, setningu námsbrautalýsinga og ástundun virks innra mats, samkvæmt lögum um framhaldsskóla. Jafnframt birtir hann á aðgengilegan hátt á vef sínum sem mest af mikilvægum

upplýsingum um áherslur skólans, einkenni, starf innan hans og árangur af starfi.

a. Skólanámskrá og námsframboð

Hér vísast til heimasíðu skólans, sjá <http://www.mh.is/skolinna/skolanamsskra> og <http://www.mh.is/namid/namsbrautir>

b. Skólabragur

Um almennar skólastreglur, jafnréttisáætlun, forvarnir og viðnám gegn einelti skal vísað til heimasíðunnar, nánar tiltekið á eftirtaldar slóðir:

<http://www.mh.is/namid/reglur/skolareglur>

<http://www.mh.is/skolinna/um-skolann/jafnrettisstefna>

<http://www.mh.is/skolinna/um-skolann/forvarnir>

<http://www.mh.is/skolinna/um-skolann/aaetlun-gegn-einelti>

Samstarf við nemendur um þessi mál fer einkum fram í skólaráði sem er helsti formlegi vettvangurinn fyrir aðkomu nemenda að málum sem varða stjórnun og stefnu skólans. Auk þess eru bæði stjórnendur og félagsmálafulltrúar í reglulegu sambandi við forystusveit nemendafélags skólans um hvaðeina er lýtur að félagslífi nemenda.

c. Innritun og brotthvarf

Nýir nemendur eru innritaðir í skólann tvívar á ári samkvæmt reglum sem hann birtir á heimasíðu, sjá vefsloðina

<http://www.mh.is/skolinna/umsokn-um-skolavist>

Nemendafjöldi í upphafi vorannar 2012 var 1151 og 1206 á haustönn. Af þeim hurfu 91 frá námi í MH á vorönn og 34 á haustönn sem svarar til liðlega 5% af heildarfjölda. Kynjahlutföllin konur/karlar voru 59% og 41% sem er nálægt samsvarandi hlutföllum fyrir skólann í heild. Af þeim sem hættu voru 71% eldri en 18 ára. Ekki liggur fyrir kerfisbundin skráning á ástæðum fyrir brotthvarfi og rétt er að taka fram að inni í tölunum eru allir sem hættu námi án þess að útskrifast, hvort sem þeir tóku upp þráðinn á nýjan leik eða ekki í öðrum skóla.

d. Kennslufyrirkomulag

Sjá <http://www.mh.is/skolinna/um-skolann/kennslustefna>

Námskipulag er samkvæmt áfangakerfi sem gegnir veigamiklu hlutverki í útfærslunni, bæði hvað varðar ábyrgð nemenda og fjölbreytni námsins. Nemendur skipuleggja sjálfir áfangaval sitt að því marki sem framboð og undanfarareglur leyfa, þeir geta haft áhrif á framboð valáfanga og komið með hugmyndir að nýjum áföngum. Þá gefst nemendum og kostur á að ljúka áfanga án þess að sitja kennslustundir og að vinna sjálfstæð verkefni sem telja til eininga. Framboð valáfanga miðast við tvíþætt hlutverk; annars vegar að gefa kost á breidd í námi og hins vegar dýpkun á afmörkuðu sviði t.d. með tilliti til áætlaðs háskólanáms

e. Nemendur með sérþarfir

Skólinn býr að langri reynslu af sérþjónustu við fatlaða nemendur, sér í lagi

MJLHFB
2

hreyfihamlaða, blinda, sjónskerta, heyrnareskerta og heyrnarlausa. Hann hefur á að skipa bæði sérkennara og túlkum. Þá er skipulögð aðstoð við nemendur sem ekki hafa íslensku að móðurmáli eða hafa dvalið langdvölum erlendis. Reglulega eru í boði ÍSA–áfangar í stað hefðbundinna íslenskuáfanga. Leitast er við að koma til móts við nemendur með greindir hafa verið með tiltekna hömlum á borð við lesblindu, kvíðaröskun o.fl. Nánar um ýmis úrræði sem nemendum standa til boða má sjá á slóðinni <http://www.mh.is/namid/nams-og-starfsradgjof>

f. Mat og eftirlit með gæðum

Upplýsingar um reglubundið sjálfsmat MH er að finna á slóðinni
<http://www.mh.is/skolinn/um-skolann/sjalfsmat>

Gerð var ytri úttekt á skólanum kringum áramótin 2010 – 2011, sjá nánar
<http://www.mh.is/skolinn/um-skolann/uttektir>

4. Sérstök rekstrarverkefni

Framkvæmd stöðuprófa í stærðfræði og erlendum tungumálum.

IB-nám (nám til alþjóðlegs stúdentsprófs) skv. samningi skólans við IBO.

Umsjón með norsku- og sánskukenndu á framhaldsskólastigi.

MH rekur Hamrahliðarkórinn.

5. Markmið og tímabundin verkefni

Samningi þessum fylgir viðauki þar sem markmið skólans til næstu ára og einstök markmið fyrir næsta (skóla)ár skulu sett skipulega fram. Jafnframt skal gerð grein fyrir tímabundnum verkefnum sem er unnið að í þágu einstakra markmiða, enda falla þau innan tímabils samningsins. Viðaukann skal endurskoða og uppfæra árlega, með tilliti til framvindu markmiða og tímabundinna verkefna og aðstæðna skólans.

a. Markmið

Markmið MH eru leidd af áherslum í starfsemi skólans er hann rækir hlutverk sitt.

b. Tímabundin verkefni

Tímabundin verkefni MH styðja við hlutverk skólans og markmið hans. Njóti verkefni fyrirgreiðslu ráðuneytisins eða fjárstyrks, skal ganga frá slíku skriflega eða í samningi áður en verkefni hefst.


6. Samskipti

Í samræmi við 44. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum, fara samningsaðilar árlega yfir framkvæmd þessa samnings með áherslu á viðauka sem vísað er til í 5. grein. Ráðuneytið boðar reglulega fundi um samninginn þar sem einnig er farið almennt yfir starfsemi og rekstur MH. Báðir aðilar geta óskað eftir fundum um einstök mál.

Reglubundin upplýsingamiðlun og umfjöllunarefni vegna samskipta:

a. Menntaskólinn við Hamrahlið

- Birtir skólasamning þennan og viðauka við hann á aðgengilegum stað á vef sínum.
- Birtir upplýsingar um innra mat á starfi skólans skv. 3. gr. reglugerðar um innra mat

3


og eftirlit í framhaldsskólum nr. 700/2010 og skilar ráðuneytinu upplýsingum um innra mat á næstliðnu (skóla)ári.

- Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fram fer skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
 - Skilar ráðuneytinu ársskýrslu fyrir liðið ár skv. 7. gr. reglugerðar 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og birtir hana á vef sínum.
 - Skilar ráðuneytinu greinagerð um tímabundin verkefni, samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytis.
 - Þróar námsbrautarlýsingar og skráir í miðlægan námskrágrunn og sækir um staðfestingu ráðuneytis á þeim skv. 23. gr. laga um framhaldsskóla.
 - Skilar áætlunum og upplýsingum um fjármál í samræmi við reglugerð um framkvæmd fjárlaga nr. 1061/2004 og eftir því sem nánar er ákveðið.
 - Skilar ráðuneytinu upplýsingum vegna fjárlagagerðar að ósk þess.
 - Gætir þess að fjárhagsbókhald skólans sýni rétta fjárhagsstöðu á hverjum tíma.
 - Gætir þess að rekstrarútgjöld séu í samræmi við samþykktá áætlun í lok hvers tímabils innan ársins og skýri ráðuneytinu tafarlaust frá ástæðum frávika og um viðbrögð við þeim sbr. 12. og 15. gr. reglugerðar nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga.
- b. Mennta- og menningarmálaráðuneytið**
- Yfirfer skýrslur um innra og ytra mat á starfi skólans, ársskýrslur og aðrar upplýsingar sem því berast um skólastarfið.
 - Birtir á vef sínum skólasamning þennan og viðauka við hann.
 - Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fer fram skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
 - Getur birt ársskýrslur skólans á vef sínum sem og aðrar upplýsingar sem erindi eiga við almenning.
 - Ákveður framhald tímabundinna verkefna og öðlast rétt til notkunar niðurstaðna.
 - Staðfestir námsbrautir sem uppfylla skilyrði.
 - Byggir tillögur til fjármálaráðuneytis, um framlag til skólans í fjárlögum, á reiknireglum skv. 43. gr. laga um framhaldsskóla (sem m.a. taka mið af spá um ársnemendafjölda), og umfangi markmiða og sérstakra verkefna. Endurmetur framlag með tilliti til rauntalna.
 - Annast formleg samskipti við Alþingi vegna fjárlagagerðar.

7. Gildistími og endurskoðun

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2016.

Hvor samningsaðili fyrir sig getur hvenær sem er óskað eftir endurskoðun á samningnum í heild eða einstökum köflum hans.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

þaypanuk 20/4 2013

Staður og dagsetning

Káru Jálundóttir
Mennta- og menningarmálaráðherra

Lars S. Þórmasson
Skólameistari

Viðauki við skólasamning fyrir árin 2013- 2016 milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Menntaskólans við Hamrahlíð

a. Markmið

- Að setja skólanum námskrá í samræmi við framhaldsskólalögin frá 2008. Þetta felur m.a. í sér að:
 - Haldið verði áfram endurgerð áfangalýsinga og námsbrautaly singa með hliðsjón af þekkingu, leikni og hæfni. Allar lýsingar verði komnar í námskrárgrunn ráðuneytisins vorið 2014.
 - Skólinn verði færður að skipulagi og áherslum aðalnámskrár um grunnþætti og lykilhæfni í kennslu og skólastarfi. Ný skólanámskrá verði birt á vef skólans eigi síðar en árið 2015.
 - Komið verði á fót formlegri tónlistarbraut og kennsla hafin á henni skólaárið 2013-2014.
 - Grunni listdansbrautar verði breytt og kennt skv. breytingum skólaárið 2014-2015.
 - Sérnámsbraut skólans verði fjögurra ára braut frá skólaárinu 2015-2016.
 - Taka ákvörðun um hvort lokaverkefni verði skylda á öllum stúdentsprófsbrautum eigi síðar en vor 2014.
 - Markvisst verði farið yfir skil grunn- og framhaldsskóla með það fyrir augum skapa besta samfelli innan einstakra námsgreina, slíkri yfirferð verði lokið vorið 2014.
 - Yfirferð/endurskoðun helstu ákvæða um réttindi og skyldur nemenda í skólanámskrá verði lokið 2015.
- Að koma á nýju skipulagi deildarstjóra námsgreina. Þetta felur m.a. í sér að:
 - Kynna áformin á vorönn 2013 og hafa samráð við kennara um nánari útfærslu meginhugmyndarinnar.
 - Núverandi sex deildarstjórastörf verði lögð niður og ráðið í þrjú ný 50% millistjórnendastörf frá hausti 2013.
- Að þróa og bæta stuðningskerfi við nemendur með annað móðurmál en íslensku. Þetta felur m.a. í sér að:
 - Búa til skimun svo hægt sé að bera kennsl á þá nemendur sem eru í brýnustu þörf fyrir stuðning, slík skimun verði tekin í notkun haustið 2013.
 - Skipuleggja aðstoð sérkennara við nám á fyrstu önn(um) í þeim greinum þar sem tungumálið er veruleg hindrun, aðstoðin verði í boði frá hausti 2013.
 - Að sjá til þess að ferli og aðgerðir verði ljóst öðru starfsfólki skólans á haustönn 2013.
 - Meta árangur af stuðningskerfinu með skipulegum viðtölum og rýni í námsferla, frá vori 2015.

- Að efla starfendarannsóknir og sjálfsskoðun kennara og að slíkt verði þáttur í starfsemi allra fagdeilda frá hausti 2013.
- Að nýtingarhlutfall í dagskóla, þ.e. staðnar einingar í lok annar samanborið við skráðar einingar í upphafi annar, verði a.m.k. 95% á samningstímanum.
- Að reka skólann innan fjárheimilda og að eiga að jafnaði 1-2% rekstrarafgang á samningstímum.

b. Tímabundin markmið

1. Tilraunakennsla endurskipulagðra námsbrauta, sbr. staðfestingu ráðuneytisins þar um með bréfi frá 31. maí 2012. Styrkur er upp á 6 millj. kr. vegna þessa verkefnis skólaárið 2012 – 2013, nánar tiltekið til þess að:
 - Færa MH að því skipulagi og og áherslum um grunnþætti og lykilhæfni sem kveðið er á um í aðalnámskrá framhaldsskóla 2011.
 - Aðlaga allar námsbrautir og námsáfanga skólans að ákvæðum aðalnámskrár framhaldsskóla 2011.
 - Setja allar brautalýsingar og áfangalýsingar í námskrárgrunn ráðuneytisins.
2. „Sjálfstætt stúdentsprófsverkefni“ er þróunarverkefni skólaárið 2012 – 2013 sem nýtur 600 þús. kr. styrks úr Sprotasjóði. Hugmyndin er að í kjarna allra stúdentsprófsbrauta verði sjálfstætt stúdentsprófsverkefni þar sem nemendur sýna sjálfstæð vinnubrögð í glímu sinni við stærri verkefni en tíðkast, allt að 5 fein. Markmiðið er að búa nemendur betur undir fræðileg vinnubrögð.
3. Verkefnið „Islands hovedstad, København“ í samstarfi við Gl. Hellerup Gymnasium sem er menntaskóli í nágrenni Kaupmannahafnar. Verkefnið felur m.a. í sér gagnkvæmar heimsóknir nemendahópa á samningstímanum og nýtur styrks frá Nordplus upp á liðlega 27 þús. evrur samtals til skólanna beggja.